

# Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 27.08.2019

## Fundur 1-2019

---

Fundur haldinn í fjallskilanevnd Skagabyggðar þriðjudaginn 27. ágúst 2019 kl. 20:00 í Skagabúð.

Mætt voru: Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Guðjón Ingimarsson, Magnús Björnsson, Magnús Guðmannsson og Vignir Sveinsson í forföllum Baldvins Svei.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

### Dagskrá:

**1. Niðurröfnun fjallskila í fjallskiladeild Vindhælinga, fjallskiladeild Skagamanna og í Spákonufellsborg.**

**2. Önnur mál**

### 1. Niðurröfnun fjallskila:

#### **-fjallskiladeild Vindhælinga**

Farið yfir niðurröfnun fjallskila í fjallskiladeild Vindhælinga. Fjallskilastjóri er Magnús Guðmannsson. Einstaka tilfæringar milli gangnahópa frá fyrra ári en mannfjöldi óbreyttur. Fyrir fundinum lágu tölvupóstsamskipti milli oddvita og Jóns Kolbeins Jónssonar héraðsdýralæknis, vegna notkunar á rétt við Syðri-Ey. Ákveðið að gjald á einingu sé 380 kr., kind er 1 eining og hross 5 einingar. Gangnadagsverk er metið á 11.000 kr. Ákveðið að vísa í 10., 17. og 20. greinar fjallskilareglugerðar A-Hún. í gangnaseðli.

#### **-fjallskiladeild Skagamanna**

Farið yfir niðurröfnun fjallskila í fjallskiladeild Skagamanna. Fjallskilastjóri er Baldvins Sveinsson. Litlar tilfæringar í gangaseðli frá fyrra ári. Ákveðið að gjald á einingu sé 350 kr., kind er 1 eining og hross 5 einingar. Gangnadagsverkið er metið á 11.000 kr. Ákveðið að vísa í 10., 17. og 20. greinar fjallskilareglugerðar A-Hún. í gangnaseðli.

#### **-Spákonufellsborg**

Farið yfir niðurröðun gangnadagsverka í Spákonufellsborg. Jón Heiðar Jónsson er gangnastjóri í báðum göngum og í eftirleit. Rætt um fyrirkomulag smölunar og möguleika á að fá fleiri gangnamenn til aðstoðar. Sveitarfélagið Skagaströnd mun borga fyrir 36 gangnadagsverk, sem er hækkun um 5 frá fyrri árum. Ákveðið að vísa í 20. grein fjallskilareglugerðar A-Hún. í gangnaseðli.

Oddvita falið að ganga frá gangnaseðlum og birta á heimasíðu sveitarfélagsins og senda í tölvupósti til viðkomandi aðila.

# Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 27.08.2019

## Fundur 1-2019

---

---

### 2. Önnur mál

Umræður um fjárflutninga og fyrirkomulag þeirra.

Þá var rætt um fé Enghlíðinga í Fossárrétt og Fellsrétt en undanfarið hefur enginn komið að hirða frá þeim. Flutningur hefur fallið á fjallskiladeildir í Skagabyggð. Oddvita falið að leita samninga við fjallskilastjóra Blönduósbæjar um hirðingu og flutning á þessu fé.

Rætt um hvort gefa eigi afslátt af fjallskilum til þeirra sem eiga margar merar en setji þær ekki á fjall, t.d. þeir sem eru í blóðtöku. Ákveðið að veita ekki afslátt af fjallskilum vegna þessara mera.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 22:30.

---

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

---

Magnús Björnsson

---

Magnús Guðmannsson

---

Vignir Sveinsson

---

Guðjón Ingimarsson